

REGLUR

um radióleyfi áhugamanna.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar, dags. 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, eru hér með settar eftirfarandi reglur um radióleyfi áhugamanna.

1. gr.

Öll samskipti póst- og símamálastjórnarinnar við radióáhugamenn fara fram gegnum I.R.A. (félagið „Íslenskir radióamatórar“).

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radióstöð áhugamanna skal I.R.A. senda póst- og símamálastjórninni, og skal geta fæðingardags og heimilisfangs áhugamanns þess, sem sótt er um leyfi fyrir. Einnig skulu vottorð um próf, skv. 4. gr. hér á eftir, fylgja.

2. gr.

Umsækjandi um radióleyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenskur ríkisborgari, sjá þó 14. gr.,
2. vera fullra 14 ára til að öðlast Nýliðaleyfi, en 16 ára til að öðlast A-leyfi,
3. hafa lokið prófi, sbr. 4. gr., er póst- og símamálastjórnin tekur gilt.

3. gr.

Radióleyfi áhugamanna eru ferns konar:

Nýliðaleyfi: Leyfi til að setja saman og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til Morse-viðskipta við aðra radióáhugamenn.

Hámarksjafnspenna má vera allt að 32 voltum. Þá skal niðurfærsla spennu úr 220 volta riðspennu í 32 volta jafnspennu vera gjörð á löggiltan hátt samkvæmt reglum Rafmagnseftirlits ríkisins.

Mögnun merkis í tækjunum skal einungis framkvæmd með transistorum.

Hámarks inngangsafl síðasta mögnunarstigs skal vera 5 wött, A1 útgeislun. Sendirinn skal vera krystalstýrður.

Leyfistími skal vera 2 ár, hið mesta, og leyfið óendurnýjanlegt.

Leyfishafa er heimilt að þreyta A-próf hvenær sem er á framangreindu tímabili, þó ekki fyrr en að 3 mánuðum liðnum frá nýliðaprófi, og að öðru leyti í samræmi við 4. gr.

Próf þetta er ekki nauðsynlegur undirbúningur A-leyfis.

Félagssamtök íslenskra radióáhugamanna skulu hafa eftirlit með starfsemi nýliðanna og bera ábyrgð á radióáhugamannastarfsemi þeirra gagnvart póst- og símamálastjórninni.

A-leyfi: Leyfi til að setja saman og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til Morse-viðskipta við aðra áhugamenn.

Hámarks inngangsafl á plötu síðasta mögnunarstigs sé 50 wött, A1 útgeislun.

Hafi áhugamaður haft nýliðaleyfi, skal umsögn félagssamtaka I.R.A. fylgja leyfisumsókn.

Til að öðlast A-leyfi skal umsækjandi afla sér heimildar Rafmagnseftirlits ríkisins, til starfrækslu rafbúnaðar sem nauðsynlegur er við radióáhugamannastöð.

B-leyfi: Hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt A-leyfi í a. m. k. hálf t. ár við innanlands og utanlandsviðskipti, staðfest með viðhlitandi gögnum (radiódagbók) ásamt umsögn félagsamtaka íslenzkra radióáhugamanna.

Hámarks inngangsafl síðasta mögnunarstigs sé 200 wött, útgeislun A1 fyrstu 6 mánuði, síðan einnig A3 og A3a.

C-leyfi: Hafa starfrækt áhugamannastöð samkv. B-leyfi í a. m. k. eitt ár, staðfest með viðhlitandi gögnum (radiódagbók) ásamt umsögn félagsamtaka íslenzkra radióáhugamanna.

Hámarksafl 250 wött, útgeislun A1 og A3, en við A3a útgeislun má aflið vera allt að 500 wött PEP.

Póst- og símamálastjórnin getur, telji hún ástæðu til, vegna menntunar, starfsþjálfunar eða annarra skilyrða leyfishafa, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum, enda liggja fyrir umsögn félagsamtaka íslenzkra radióáhugamanna hverju sinni.

4. gr.

Póst- og símamálastjórnin heldur próf fyrir radióáhugamenn tvisvar á ári, vor og haust, enda hafi horizt óskir um það frá félagsamtökum íslenzkra radióáhugamanna hverju sinni, og skulu slíkar óskir komnar í hendur póst- og símamálastjórnarinnar a. m. k. einum mánuði áður en próf óskast haldin.

Prófkjöfur eru þessar:

Nýliðapróf:

- Helztu atriði í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varðandi radióviðskipti.
- Viðtaka og sending Morse-merkja (35 bókstafir á mín.), nokkrar helztu Q-skammstafanir og lágmarksþekking í radiófræði.

A-próf:

- Helztu atriði laga um fjarskipti og tilheyrandi reglna varðandi radióviðskipti, svo og í þeim greinum alþjóða radióreglugerðarinnar, er snerta stöðvar áhugamanna og neyðarviðskipti, svo og gildandi reglum um raforkuvirki.
- Viðtaka og sending Morse-merkja (60 stafir á mín.), leikni í viðskiptum og notkun algengustu Q-skammstafana.
- Undirstöðuatriði raffræði og radiótækni, leikni í stillingu senditækja, bylgjumælingu o. þ. l. Verklega verður krafizt leikni í meðferð mælitækja, vönduðum frágangi, öryggi í stillingu tækjanna o. þ. l.

Hafi umsækjandi áður tekið fullnægjandi próf í einhverju framangreindu, að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, þarf hann ekki að ganga undir próf í því, en prófast hins vegar í öðrum greinum.

5. gr.

- Sendirinn skal vera stöðugur í öldutiðninni og eins laus við aukasveiflur og alþjóðareglur mæla fyrir um.
- Óflun radióefnis, svo og uppsetning á vélum og tækjum (og loftnetum) skal vera í samræmi við gildandi reglur, bæði um radióstöðvar og um raforkuvirki. Áður en vélar eða tæki eru tekin í notkun eða tengd við rafveitukerfið, skulu þau skoðuð af eftirlitsmönnum frá póst- og símamálastjórninni og frá Rafmagns-
eftirliti ríkisins. Slík skoðun verður og að fara fram, hvenær sem breytt er gerð tækjanna eða hlutum í þeim, ef það getur haft nokkur áhrif á öryggi eða truflanahættu eða aðra eiginleika tækisins frá því, er getið er um í skýrslu skoðunar-
manna.

3. Á stöðinni verður að vera til nákvæmur öldutíðnimælir, sem er réttur á þeim öldutíðnum, sem sendirinn notar. Ef sendirinn er ekki krystalstýrður, verður stöðin einnig að hafa nægilega góðan bylgjumæli með sveifluvaka, sem er aðskilinn frá sjálfum sendinum.
4. Handhafi leyfisbréfs er skyldur til að fara eftir þeim reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda á hverjum tíma um búnað og notkun sendisins.
5. Stöðinni er úthlutað kallmerki, sem byrjar á TF, síðan kemur tölustafur, sem ákveðst með tilliti til þess landshluta, sem stöðin er staðsett í, og síðan tveir eða þrjú bókstafir. Kallmerkið skal nota reglulega alltaf, þegar sent er og við lengri sendingar skal nota það með stuttu millibili.
6. Sending má aðeins fara fram á þeim öldutíðnum, sem ákveðnar eru í leyfisbréfinu.

Tíðnir stöðvanna, útgeislun og orka verða fyrst um sinn ákveðnar innan eftirfarandi bylgjusviða, þannig:

	Nýliðal.	A-leyfi	B-leyfi	C-leyfi
3500— 3550 Krð/s 3700— 3800 —	A1	A1	A1 A3 A1 A3 A3a	A1 A3 A1 A3 A3a
7000— 7040 Krð/s 7040— 7100 —		A1	A1 A1 A3 A3a	A1 A1 A3 A3a
14000—14100 Krð/s 14100—14350 —		A1	A1 A1 A3 A3a	A1 A1 A3 A3a
21000—21150 Krð/s 21150—21450 —	A1	A1	A1 A1 A3 A3a	A1 A1 A3 A3a
28000—28200 Krð/s 28200—29700 —		A1	A1 A1 A3 A3a	A1 A1 A3 A3a
144.0—146.0 Mrð/s			A1 A2 A3 A3a	A1 A2 A3 A3a F1 60F3
430— 440 Mrð/s				A1 A2 A3 A3a F1 60F3
1215—1300 Mrð/s				A1 A2 A3 A3a F1 60F3
Leyfð hámarks inngangsafl til síð- asta mögnunarstigs	5 wött	50 wött	200 wött	250 wött
Leyfð hámarks há- tíðnitoppafl til loftnets (PEP A3A)			500 wött	500 wött

6. gr.

1. Einungis þau viðskipti eru leyfð, er fjalla um tilraunirnar sjálfar, svo og þýðingarlítil persónuleg mál o. þ. l., sem annars eru ekki send í skeytum eða sím-tölum.
2. Stöðina má ekki nota til að koma á framfæri eða taka á móti, beint eða óbeint, tilkynningum, fréttum, auglýsingum eða verzlunartilkynningum, eða á nokkurn hátt, sem orðið gæti til tjóns fyrir hið opinbera eða aðra aðila. Ef tekið er óviljandi á móti slíku, má hvorki skrifa það, segja það, né notfæra sér það á nokkurn hátt, heldur skal halda því stranglega leyndu.
3. Öll sending efnis, til skemmtunar, fræðslu, auglýsingar eða áróðurs eða því um líkt, er bannað, hvort heldur það á upptök sín á stöðinni sjálfri eða er móttekið frá öðrum stöðvum.
4. Handhafi leyfisbréfs ber ábyrgð á, að sending eða útbreiðsla gabb-neyðarmerkja, neyðarkalla eða annarra tilkynninga í blekkingarskyni eigi sér ekki stað um tæki hans.
5. Það er bannað að hafa eða reyna að hafa viðskipti við stöðvar í löndum, þar sem slík viðskipti eða slíkar stöðvar eru ekki leyfðar.
6. Stöðin má ekki trufla önnur radióviðskipti eða starfsemi opinberra stofnana. Kostnaður við að losna við slíkar truflanir skal eigandi sendisins greiða, hvort heldur sem um er að ræða nauðsynlegar breytingar á sendingum eða stöðinni, sem trufluð er.

7. gr.

Við stöðina skal halda dagbók, þar sem skrifað er, hvenær sending byrjar og hvenær hún hættir og við hvaða stöðvar skipt er á morse og á tali og yfirleitt allt, sem gildi hefur til að dæma um notkun sendisins.

Leyfishafi er einnig skyldur til, hvenær sem er, að gefa þær upplýsingar, sem póst- og símamálastjórnin kynni að æskja, varðandi rekstur stöðvarinnar.

8. gr.

Ef radióáhugamaður fær einhvern grun um, að stöð, sem hann hlustar á, hafi ólögleg viðskipti, ber honum skylda til að tilkynna póst- og símamálastjórninni og félagssamtökum sínum það tafarlaust og, eftir því sem hægt er, að staðsetja hinn ólöglega sendi og tilkynna póst- og símamálastjórninni árangur af athugun sinni. Einskis endurgjalds getur radióáhugamaður krafizt fyrir vinnu sína af þessu tilefni, nema sérstaklega sé um það samið.

9. gr.

Sendinn má aðeins nota þar, sem tilgreint er í leyfisbréfinu. Eftirlitsmenn póst- og símamálastjórnarinnar geta hvenær sem er skoðað stöðina og radióefni það, sem áhugamaður hefur undir höndum.

10. gr.

Við útgáfu leyfisbréfs greiðist leyfisbréfsgjald. Í því gjaldi er innifalin upp-hafsskoðun tækja þeirra, er leyfisbréfið kveður á um.

Fyrir 1. apríl hvers árs, greiðist gjald til framlengingar leyfisins fyrir yfir-standandi almankasár.

Leyfi er bundið við ákveðinn stað. Þó getur póst- og símamálastjórnin leyft hreyfanlegar stöðvar, sbr. 11. gr. Flytji leyfishafi með starfsemina frá þeim stað, sem leyfið er bundið við, skal skoðun fara fram á nýja staðnum, framkvæmd af radióeftirliti Landssímans, og leyfisbréfið endurnýjað, með tilliti til flutningsins.

Fyrir slíka skoðun greiðist sérstakt skoðunargjald. Sömuleiðis ef skoðun fer fram vegna breytinga, sbr. 5. gr. 2, hér að framan.

Upphæð gjalda þessara ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni með gjaldskrá.

11. gr.

Póst- og símamálastjórnin getur leyft hreyfanlegar stöðvar (portable), þó aðeins handhöfum B- og C-leyfa. Skal slíkt tilgreint í leyfisbréfi viðkomandi.

Hverju sinni sem notkun slíkrar hreyfanlegrar stöðvar er fyrirhuguð, skal um það sótt skriflega til radióeftirlits Landssímans og þá tilgreint væntanlegt notkunarsvæði og tímabil. Slíkt verður aðeins leyft um takmarkað tímabil hverju sinni og að jafnaði ekki í þéttbýli.

Við notkun hinnar hreyfanlegu stöðvar skal leyfishafi bæta aftan við kallmerki sitt /P, t. d. TF3AA/P. Þá skal leyfishafi gæta þess, að notkun hreyfanlegu stöðvarinnar sé í fullu samræmi við leyfisbréf hans, svo sem tíðni, útgeislun og orka.

12. gr.

Þegar póst- og símamálastjórnin telur það nauðsynlegt, getur hún lokað stöðinni, eða takmarkað notkun hennar, og einnig getur hún afturkallað leyfið. Greidd leyfisgjöld endurgreiðast ekki.

13. gr.

Leyfið fellur fyrirvaralaust niður, ef:

- a. um brot á reglunum er að ræða.
- b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenskur ríkisborgari,
- c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma.

14. gr.

Póst- og símamálastjórnin getur, um skemmri eða lengri tíma, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum, til erlendra ríkisborgara, enda sé um gagnkvæm skipti að ræða við það ríki, er viðkomandi er borgari í.

Slík undanþága er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a. Umsókn skal vera skrifleg og sendist samtökum íslenskra radióamatöra, sem síðan sendir hana ásamt umsógn samtakanna og öðrum skilríkjum til póst- og símamálastjórnarinnar og skal umsóknin vera í höndum póst- og símamálastjórnarinnar eigi síðar en 3 mánuðum áður en umsækjandi hyggst taka til starfa.
- b. Umsækjandi skal hafa gildandi áhugamannsleyfisbréf frá heimalandi sínu, og skal það eða greinilegt afrit þess fylgja umsókninni, ásamt greinargóðum upplýsingum um tækjabúnað þann er hann hyggst nota hérlendis.
- c. Leyfi verður ekki veitt vegna skemmri dvalar í landinu en 1½ mánaðar.
- d. Starfsleyfi umsækjanda takmarkast af ákvæðum þessara reglna, en skal þó eigi vera viðtækara en hann hefur heimild fyrir í heimalandi sínu samkvæmt leyfisbréfi og ákvæðum þarlendra reglna.
- e. Leyfishafi skal nota kallmerki það er honum hefur verið úthlutað í heimalandi sínu, að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastriki, t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.
- f. Að öðru leyti en tekið er fram hér að framan (14. gr.) er leyfishafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.

15. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Leyfishafi er á ófriðartímum skyldur til, ef þess er krafizt, að afhenda ríkinu umráð yfir radióefni sínu eða láta innsigla það.

16. gr.

Að öðru leyti en því, er tilgreint er hér að framan, ber leyfishafa að haga sér samkvæmt lögum og reglugerðum varðandi fjarskiptatæki og raforkuvirki, gildandi á hverjum tíma.

17. gr.

Brot gegn reglum þessum varðar viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942 um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

18. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. maí 1970. Frá sama tíma falla úr gildi „reglur um radióleyfi áhugamanna“ frá 1. janúar 1966, svo og „sérreglur“ frá 29. nóvember 1963.

Póst- og símamálastjórnin, 21. apríl 1970.

G. Briem.

Sig. Þorkelsson.

5. maí 1970.

Nr. 107.

S A M Þ Y K K T

um bann við hundahaldi í Dalvíkurkaupúni.

Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur hinn 29. ágúst 1968 samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 3. febrúar 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, samþykkt að banna allt hundahald í Dalvíkurkaupúni í Dalvíkurhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Dalvíkurhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 5. maí 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón Thors.

Nr. 108.

R E I K N I N G U R

Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Efnahagsreikningur 31. desember 1969.

Eignir:

1. Innstæða hjá Búnaðarbanka:		
a. Ráðstafað	kr. 6 700 000.00	
b. Óráðstafað	— 6 573 609.10	
		kr. 13 273 609.10
2. Skuldabréf f. lánnum		— 17 612 484.85
		<hr/>
		Kr. 30 886 093.95